

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 194/2015

2017/EES/3/20

frá 10. júlí 2015

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/ESB frá 18. desember 2014 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB um skrána yfir úrgang samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 D 0955:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/ESB frá 18. desember 2014 (Stjtið. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2014/955/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 44.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.